

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld, reglugerð nr. 313 30. júní 1981, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

15. október 1981.

Nr. 598.

REGLUR

um notkun hlífðarhjálma við akstur bifhjóla og léttra bifhjóla.

1. gr.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega, sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur.

Sama gildir um ökumann létts bifhjóls.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki:

1. Um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á.
2. Þegar hlutaðeigandi hefur meðferðis læknisvottorð, er undanþiggur hann notkun hlífðarhjálms.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 59. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 30 11. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

20. október 1981.

Nr. 599.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 1. nóvember 1981 til 15. maí 1982, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.